

4. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.

Lestur og lesskilningur

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila.
- Þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.
- Skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir.
- Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.

Bókmenntir

- Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.
- Beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir.
- Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.

Ritun

- Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.
- Búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.
- Skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.
- Sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.

Mál og málnotkun

- Þekkt og rætt ýmis einkenni málsins.
- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.
- Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
- Leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd.
- Áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.

Lykilhæfni í íslensku – 4. bekkur

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- *Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.*
- *Útskýrt mál sitt með rökum.*

Tjáning og miðlun

- *Lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni*
- *Nýtt ólíkar leiðir til miðlunar*

Sjálfstæði og samvinna

- *Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.*
- *Unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi.*
- *Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.*

Nýting miðla og upplýsinga

- *Skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika.*
- *Gert greinarmun á skoðunum og staðreyndum.*

Ábyrgð og mat á eigin námi

- *Skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.*

Íslenska – Kennsluaðferðir og námsmat í 4. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
4. bekkur	- Áhorf og tjáning - skrift - stöðvavinna - Lestur - sögur - söngur - leikir - verkefnablöð - skapandi vinna - einstaklings/para og hópvinna - upplýsingatækni	- ljósrit og hefti frá kennara - leikir, tónlist og annað efni - námsbækur (Lesrún 2, Ritrún 3) - lestrarbækur - pokaverkefni - spjaldtölva	- Formlegt vitnisburðarmat - Matskerfi með bókstöfum: - A A - B+ B+ - B B - C+ C+ - C C - D D - L Lokið - Ó Ólokið - Símat yfir veturinn - Metið með 6 hæfnitáknum eða - metið lokið eða ólokið